

13. gr.

Sveitarstjóri skal sjá um að upplýsingar um leyfð dýr séu skráð í þar til gerða bók. Þar skal einnig skráð nafn og heimilisfang leyfishafa.

14. gr.

Sveitarstjórn getur afturkallað leyfi til kattahalds telji hún þess brýna þörf.

15. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að láta eyða ómerktum köttum, enda hafi framkvæmdin verið auglýst með áberandi hætti með a.m.k. sjö sólakinga fyrirvara.

16. gr.

Sé kvartað yfir ágangi katta í íbúðarhverfum er heimilt að veiða í búr og eyða ómerktum köttum án þess að það sé auglýst sérstaklega.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Með broti á samþykkt þessari skal fara samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum.

18. gr.

Samþykkt þessi sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Hörgárbyggðar staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast gildi við birtingu.

Ákvæði til bráðabirgða:

Þeir sem halda ketti nú skulu sækja um leyfi fyrir þá fyrir 30. september 2005.

Umhverfissráðuneytinu, 4. ágúst 2005,

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um fólksflutninga á landi nr. 528/2002.

1.gr.

Lokamálsliður 10 gr. „Vegagerðin skal leggja fram tillögu um gildandi sérleyfi hverju sinni til staðfestingar ráðherra” fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 73/2001 með síðari breytingum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytinu, 7. júlí 2005,

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi í Síðuhverfi, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 31. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á ofangreindu deiliskipulagi. Breytingin varðar lóðina nr. 16 við Brekkusíðu og felst í því að byggingareitir fyrir hús og bílskúr færast til suðurs, þannig að bílskúr verður ekki sambyggður við skúr á nágrannalóð.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og hefur bæjarstjórn lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón, sem einstakir aðilar kunni að verða fyrir vegna hennar. Breytingin öðlast þegar gildi.

F. h. Akureyrarbæjar, 16. ágúst 2005,

Pétur Bolli Jóhannesson,
skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um takmörkun á innflutningi á sterkum chilépipar og afurðum úr honum, karrí, túrmerík (curcuma) og pálmolíu.

1. gr.

Auglýsing þessi gildir um innflutning á þurrkuðum, gróf- eða fínmöluðum sterkum chilépipar af ættinni *Capsicum* og afurðum úr honum, karrí og afurðum úr því, túrmerík (curcuma) og pálmolíu sem ætluð er til manneldis.

2. gr.

Auglýsingunni er ætlað að tryggja að matvæli sem um getur í 1. gr. og innhalda sudan litarefni sem um getur í 3. gr. séu ekki til dreifingar hér á landi.